

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- 36
og húsagerðarsamþykktir í sveitum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftir- 20. febr.
breytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 20. febrúar 1946.

Pétur Magnússon.

Árni G. Eylands.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Ragnhildar B. 37
Metúsalemsdóttur og Stefáns Péturssonar, prestshjóna að Desjarmýri og Hjaltastad“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 20. febr. 1946. 20. febr.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRA

fyrir Minningarsjóð Ragnhildar B. Metúsalemsdóttur og Stefáns Péturssonar,
prestshjóna að Desjarmýri og Hjaltastað.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af börnum nefndra hjóna, árið 1945, en þá og árið 1944,
var aldarfæðingarárstið þeirra (sbr. Aldarminning og niðjatal, Rvík 1945).
Stofnfé sjóðsins er kr. 5000.00.

2. gr.

Sjóðurinn vex af vöxtum stofnfjárins og minningargjöfum eða öðrum gjöfum,
sem honum kunna að berast.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins, svo og tekjur hans aðrar, skal ávaxta í Söfnunarsjóði
Íslands, aðaldeild.

4. gr.

Af vaxtatekjum sjóðsins má verja allt að 10%, samkvæmt því, er segir um til-
gang hans í næstu grein. Aðrar tekjur hans leggjast við höfuðstólinn. Þó má veita
styrki af stofnfjárgjöfum, eftir fyrirmælum þeirra, er slíkar gjafir kynnu að gefa.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita námsstyrki stúlkum eða piltum, búsettum í
Norður-Múlasýslu, stúlkum til húsmæðranáms, piltum til búfræðilegs náms, jafnt
innanlands sem í öðrum löndum. Að öðru jöfnu skulu umsækjendur úr stórum
systkinahópi sitja fyrir styrkveitingum.

6. gr.

Námsstyrkir skulu vera minnst 500 kr. Má tvöfalda upphæðina eða ítreka
styrkveitingu til sama styrkþega, ef það að áliti stjórnar sjóðsins þykir hlýða.
Það af vaxtatekjum sjóðsins, lausum til úthlutunar, sem um fram kynni að verða
500 kr., eða 1000 kr., þau ár, sem styrk er úthlutað, leggst við höfuðstólinn.

37

20. febr.

7. gr.

Þegar skilyrði eru til að veita styrk úr sjóðnum samkvæmt ákvæðum reglugerðar, skal reikningshaldari auglýsa styrkinn til umsóknar að tilgreindum skilyrðum fyrir úthlutun hans samkvæmt ákvæðum 5. gr.

Nú berst engin umsókn, eða sýslunefnd þykir ekki ástæða til að veita styrk, og geymist úthlutunarféð þá frá ári til árs.

8. gr.

Sjóðurinn er í vörzlu og umráðum sýslunefndar Norður-Múlasýslu. Ákvörðun um styrkveitingu skal taka á lögmatum sýslufundi. Oddviti sýslunefndar er reikningshaldari sjóðsins.

9. gr.

Styrkveitinga sé getið í sýslufundagerðum sem annarra ályktana nefndarinnar. Þar skal og birta, um leið og sýslunefnd tekur við umráðum og vörzlu sjóðsins, reglugerð hans, svo og skal birta reikning hans þau árin, sem styrkir eru veittir.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

38

21. febr

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð um umsóknir og afgreiðslu einkaleyfa, nr. 74 7. des. 1923.

Réttindi þau og gjaldfrestur fyrir einkaleyfishafa, sem um getur í auglýsingu nr. 4 4. janúar 1944, skulu haldast til 1. október 1946.

Ákvæði þessi eru hér með sett samkvæmt lögum nr. 12 20. júní 1923, um einkaleyfi, til að öðlast þegar gildi og birtast öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. febrúar 1946.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

39

22. febr.

AUGLÝSING

um breyting á fiskveiðasamþykkt fyrir Vestmannaeyjar, nr. 13 3. febrúar 1939.

Aftan við 2. gr. fiskveiðasamþykktarinnar bætist:

Róðrartími sá, sem um getur í grein þessari, miðist við íslenzkan meðaltíma.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur gert samkvæmt lögum nr. 86 14. nóvember 1917 og síðari breytingum á þeim, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. febrúar 1946.

Áki Jakobsson.

Páll Pálmason.